

## Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. desember 2021 vegna auglýsingar á vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjódd.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjódd, birtist í Fréttablaðinu á morgunn föstudaginn 17. desember. Tillagan er í kynningu frá 17. desember 2021 til og með 31. janúar 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/sudur-mjodd-2>

### Suður Mjódd

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. nóvember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. desember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðanna nr. 2D, 4 og 6 við Álfabakka. Í breytingunni felst m.a. breytt lega götunnar Álfabakka á stuttum kafla við lóðirnar nr. 4 og 6 auk stækkunar á miðlunartjörn Veitna. Jafnframt sökum þess þarf að minnka lóðirnar Álfabakka 2d og 4 og þannig fækka heildarbyggingarmagni á þeim lýtilla. Á lóð Álfabakka 6 er innkeyrsla fyrir lóð færð vestar auk þess sem heildarbyggingarmagn A- og B-rýmis minnkar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **17. desember 2021 til og með 31. janúar 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 31. janúar 2022**. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

mkv.

**Þuríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)